



**Fylgt úr hlaði**

---

**Endurheimt votlendis**

---

**Loftslag, landslag  
og lýðheilsa**

---

**Skipulag fjarða og flóa**

---

**Skipulagsglugginn**

---



## Fylgt úr hlaði

Hér lítur dagsins ljós fyrsta tölublað nýs fréttabréfs Skipulagsstofnunar. Miðlun upplýsinga og fagþekkingar um skipulagsgerð og umhverfismat er meðal meginhlutverka Skipulagsstofnunar. Því sinnir stofnunin með ýmskonar útgáfu og fundahaldi, m.a. árlegum ráðstefnum; Skipulagsdeginum og Umhverfismatsdeginum. Stofnunin gefur út leiðbeiningar og skýrslur, sem miðlað er rafrænt og á prenti, auk pistla um skipulagsmál líðandi stundar sem birtir eru á vef stofnunarinnar, skipulag.is.

Á skipulag.is er að finna ýmsan fróðleik um viðfangsefni stofnunarinnar, meðal annars skipulagsvefsjá og gagnagrunn umhverfismats. Fréttum og fagtengdu efni er líka miðlað á facebook- og twittersíðum stofnunarinnar, auk verkefnavefs um landsskipulagsstefnu, landsskipulag.is. Þá er vefur um verkefni sem tengjast skipulagi haf- og strandsvæða, hafskipulag.is, í smíðum.

Með útgáfu fréttabréfs viljum við auka miðlun upplýsinga um starfsemi stofnunarinnar og nýjungar og ýmis fagleg efni á sviði skipulagsmála og treysta þannig enn frekar sambandið við samstarfsaðila okkar og viðskiptavinum og annað áhugasólk um skipulagsmál. Stefnt er að því að fréttabréf Skipulagsstofnunar komi út tvisvar á ári.

**Ásdís Hlökk**  
**Theodórsdóttir,**  
forstjóri

# Skipulag fjarða og flóa

Strandsvæðisskipulag á Vestfjörðum og Austfjörðum



*Svæðisráðin fóru í vettvangsferðir um hluta skipulagssvæðanna í september 2019.*

**Síðastliðið ár tóku gildi ný lög um skipulag haf- og strandsvæða. Þar er meðal annars mælt fyrir um gerð skipulags fyrir firði og flóa, svokallaðs strandsvæðisskipulags, sem er samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga.**

Á grunni nýrra laga um skipulag haf- og strandsvæða er nú hafin vinna við skipulagsgerð á fjörðum og flóum á Austfjörðum og Vestfjörðum. Tilgangur þess er að móta framtíðarsýn og samræma ólíka nýtingu og verndarhagsmuni á fjörðum og flóum með samþærilegum hætti og gert er með skipulagi á landi.

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur skipað svæðisráð sem fara með og bera ábyrgð á gerð strandsvæðisskipulagsins, en Skipulagsstofnun vinnur með svæðisráðunum að skipulagsgerðinni. Í svæðisráðunum sitja fulltrúa umhverfis- og auðlinda-

atvinnuvega- og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, auk fulltrúa aðliggjandi sveitarfélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Auk þess eru skipaðir sérstakir samráðshópar með svæðisráðunum, sem í sitja fulltrúar ferðamálasamtaka, Samtaka atvinnulífsins, útivistarsamtaka og umhverfisverndarsamtaka. Þess utan verður haft viðtækt samráð í skipulagsferlinu við nærliggjandi sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila.

Nú er unnið að uppsetningu nýs upplýsingavefjar, hafskipulag.is, þar sem hægt verður að nálgast upplýsingar um vinnslu og framgang þessara skipulagsverkefna. Einnig er unnið að gerð lýsinga fyrir gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum og Vestfjörðum, sem gert er ráð fyrir að verði kynntar í byrjun árs 2020. Kynningin mun fara fram á vefnum og með kynningar- og samráðsfundum á Austfjörðum og Vestfjörðum og einnig í Reykjavík.

Hægt verður að fræðast frekar um þessi verkefni fljótlega og taka þátt í mótun þeirra á hafskipulag.is.



# Loftslag, landslag og lýðheilsa

Mótun viðauka við gildandi landsskipulagsstefnu

Í gildandi landsskipulagsstefnu, sem Alþingi samþykkti árið 2016, er mörkuð stefna um skipulagsmál út frá fjórum meginviðfangsefnum, þ.e. út frá búsetumynstri og dreifingu byggðar, skipulagsmálum í dreifbýli, skipulagsmálum á miðhálandinu og loks á haf- og strandsvæðum.

## Loftslag, landslag og lýðheilsa

Nú er unnið að nánari stefnumótun um skipulagsmál með áherslu á þrjú viðfangsefni skipulagsgerðar: Loftslagsmál, landslag og lýðheilsu. Er gert ráð fyrir að afgreiða hana sem viðauka við gildandi landsskipulagsstefnu. Umfjöllun um þessa þætti mun fléttast inn í viðfangsefni gildandi landsskipulagsstefnu og fela í sér leiðbeiningar um hvernig má beita skipulagsgerð meðal annars til að tryggja viðeigandi aðgerðir í loftslagsmálum og til að stuðla að því að tekið sé tillit til landslags við útfærslu byggðar. Við mótun stefnunnar er einnig horft til Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og þess gætt að áherslur landsskipulagsstefnu styðji framfylgd þeirra.

## Forsendur og fyrirmyndir

Lýsing fyrir gerð landsskipulagsstefnu um loftslag, landslag og lýðheilsu var kynnt snemma árs 2019. Síðan hefur staðið yfir greiningarvinna af ýmsu tagi. Hleypt hefur verið af stokkunum verkefnum sem ætlað er að safna saman fyrirbyggjandi þekkingu um hvernig má nýta skipulagsgerð til að ná markmiðum á sviði loftslagsmála, landslags og lýðheilsu, auk þess að draga fram góðar fyrirmyndir úr skipulagsgerð



Gert er ráð fyrir að skipulagsstefna um nýju viðfangsefni þrjú – loftslagsmál, landslag og lýðheilsu fléttist inn í viðfangsefni gildandi landsskipulagsstefnu, en henni er skipt í umfjöllun um búsetumynstur og dreifingu byggðar, skipulag í dreifbýli, skipulag á miðhálandinu og skipulag haf- og strandsvæða.

hér á landi og erlendis. Verkefni fjalla meðal annars um loftslagsaðgerðir í þéttbýli, kolefnisspor landnotkunar, þróun byggðar og landnýtingar í dreifbýli, landslagsflokun fyrir Ísland, kortlagningu viðerna, vindorkunýtingu með tilliti til landslags og lýðheilsuáherslur í skipulagi. Niðurstöður þessara verkefna verða settar fram í verkefniskýrslum sem verða aðgengilegar á vef landsskipulagsstefnu, eftir því sem þær líta dagsins ljós.

## Röð morgunfunda

Skipulagsstofnun stendur jafnframt fyrir röð opinna morgunfunda á næstu mánuðum. Tilgangur fundanna er að kynna afrakstur framangreindra greiningarverkefna og kalla um leið eftir hugmyndum og sjónarmiðum sem nýtast við útfærslu tillögu að landsskipulagsstefnu um loftslag, landslag og lýðheilsu. Áhugasamir eru hvattir til að fylgjast með auglýsingum um morgunfundina á [landsskipulag.is](http://landsskipulag.is) og á Facebook-síðu Skipulagsstofnunar eða skrá sig á [samráðsvettvangur landsskipulagsstefnu](http://samráðsvettvangur.landsskipulagsstefnu).

## Morgunfundur um vindorku og landslag

Fyrsti fundurinn í þessari fundaröð var haldinn 29. október 2019. Þar var umfjöllunarefnið vindorka og landslag, en umhverfis- og auðlindaráðherra

hefur sérstaklega falið Skipulagsstofnun að setja fram viðmið fyrir nýtingu vindorku með tilliti til landslags, í tillögu að viðauka við gildandi landsskipulagsstefnu.

Á fundinum kynnti Matthildur Kr. Elmarsdóttir hjá Alta, niðurstöður greiningarverkefnis um vindorku og landslag, sem hún hefur unnið að fyrir Skipulagsstofnun. Í því er sjónum beint að þeirri nálgun sem beitt er í skipulagsstefnu Skota varðandi staðarval fyrir vindorkuver og einnig að hugmyndum sem settar hafa verið fram um rammaáætlun um vindorku í Noregi. Auk framlags Matthildar, fjallaði Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar um umhverfisáhrif vindorkuvera og Sigurjón Kjærsted frá Samorku kynnti sjónarmið Samorku um skipulag og leyfisveitingar vegna vindorkunýtingar hér á landi. Þá kynnti Ólafur Árnason frá EFLU verkfræðistofu yfirstandandi vinnu við landslagsflokun fyrir Ísland, sem er eitt af greiningarverkefnum landsskipulagsvinnunnar.

Fundurinn var vel sóttur og sköpuðust góðar umræður sem ásamt fram-sögum verða gott innlegg í þá vinnu sem framundan er við útfærslu landsskipulagstillögunnar. Nálágast má glærur framsögufólks á [landsskipulag.is](http://landsskipulag.is).



# Endurheimt votlendis

Endurheimt votlendis er meðal lykil-aðgerða í aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum og er talin geta skilað umtalsverðum loftslagsávinningi. Með endurheimt votlendis er framræst land fært í fyrra horf og gróðurhúsalofttegundir bundnar í mýrlendi til lengri tíma. Um leið eru votlendi frjósöm og mikilvæg vistkerfi sem miðla vatni og eru búsvæði margra íslenskra varpugla, farfugla og vetrargesta. Votlendi eru þessvegna jafnframt kjörlendi til fuglaskoðunar. Það fæst því margþættur ávinningur af verndun og endurheimt votlendis.



© Jóhann Óli Hilmarsson/2011

Talsverð tækifæri eru til endurheimtar votlendis víða um land, þar sem stór hluti þess lands sem ræst hefur verið fram er ekki nýtt til landbúnaðarframleiðslu.

Við undirbúning endurheimtar votlendis þarf að skoða hvernig

hún fellur að skipulagi viðkomandi svæðis og hvort hún er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar.

Skipulagsstofnun hefur gefið út leiðbeiningablað um skipulag og leyfisveitingar vegna endurheimtar votlendis sem nálgast má á [vef stofnunarinnar](#).

# Skipulagsglugginn

Áhugaverð skipulagsverkefni



Í þessum fasta lið í fréttabréfinu er vakin athygli á dæmum um nýleg skipulagsverkefni sem fela í sér nýjungar og áhugaverða nálgun í skipulagi og hönnun. Að þessu sinni berum við niður í Gufunesi í Reykjavík.

Þar er nýlega samþykkt deiliskipulag á svæði þar sem stunduð hefur verið margvísleg iðnaðar- og athafnastarfsemi til langs tíma.

Á svæðinu er nú gert ráð fyrir blandaðri, þéttri borgarbyggð með grænum áherslum, fyrir íbúðir ásamt skapandi atvinnustarfsemi, þ.m.t. kvikmyndaíðnaði, þjónustu og afþreyingu. Áhersla er á fjölbreytta ferðamáta og meðal annars gert ráð fyrir deilibilum og settar fram hugmyndir um vatnastrætó. Nær allar byggingar sem fyrir eru á svæðinu verða endurnýttar. Gert er ráð fyrir tilraunum með ólík íbúðarform og umhverfisvænum og ódýrum íbúðum. Áhersla er einnig lögð á sameiginleg svæði, til dæmis fyrir ræktun matjurta.

Sjá nánar í [skipulagsvefsjá Skipulagsstofnunar](#) og á [vef Reykjavíkurborgar](#).